

Nafn:

1. Hvaða atóm eru það sem hafa þessa rafeindaskipan, þau eru óhlaðin?

dæmi $1s^2 2s^2 2p^6$

Þetta atóm hefur samtals 10 rafeindir og þá er það með 10 róteindir = sætistalan er 10.

Þetta atóm er með tvær rafeindir á fyrsta hvolfi = fullt hvolf og

8 rafeindir á hvolfi 2 = fullt hvolf

Þetta er þá Ne = Neon

a) $1s^2 2s^2 2p^6 3s^2 3p^6 4s^1$

b) $1s^2 2s^2 2p^4$

c) $1s^2 2s^2 2p^6 3s^2 3p^4$

d) $1s^2 2s^2 2p^6 3s^2 3p^6 4s^2 3d^{10} 4p^6$

2.

Sýndu Lewis formúlur (punktaformúlur) þar sem þú sýnir bara gildisrafeindirnar, rafeindir á ysta hvolfi fyrir eftirtalin efni. Í ritvinnslu er erfiðara að gera þetta, þú mátt hreinlega segja hversu margir punktarnir eru og í hvaða áttir þeir vísa út frá tákni atómsins.

Be

C

Ar

K

O

Al

3.

Fylltu út í töfluna:

Athugaðu að fjöldi rafeinda er sá sami og fjöldi rótenda á meðan atómin eru óhlaðin.

Atóm - tákn	heiti frumefnis	atóm- massi	sætis- tala	fjöldi rafeinda e ⁻	rafeindaskipan 1s ² 2s ² 2p ⁶ 3s ² 3p ⁶ 4s
Na	natríum / natrín	22,99	11	11	1s ² 2s ² 2p ⁶ 3s ¹
				13	
	helium				
			12		
C					
			17		
	argon				
		35,45			
Cl ⁻					
Ca					

ATH að Cl⁻

merkir klóríð jón, hvort er hún með fleiri eða færri rafeindir en óhlaðið Cl atóm?

Kveðja – Jóhannes Árnason jarn@vma.is